

## Kennsluáætlun 2020 - 2021

### Myndmennt 4.bekkur

Tímabil	Efnispættir - inntak	Námsgögn	Námsmat
Vika 1	<b>Þrykk</b> Nemendur búa til möppu og stimpla nafnið með legokubbum í anda „Minecraft“. Þurfa að finna út hvað stafirnir geta tekið mikið pláss.	Maskínupappír, legókubbar og þekjulitir.	Leiðsagnarmat. Mat tekur til vinnusemi, verklagni og sköpunarþáttar.
Vika 2 - 3	<b>Furðudýr</b> Nemendur skoða bækur með teikningum Jóns Baldurs Hlíðbergs; <i>Spendýr, Fuglar og Fiskar</i> . Velja sér 3 dýr til að blanda saman og búa til sitt eigið furðudýr. Vatnslita furðudýrið sitt, klippa út og líma á svartan karton. Þau fara með furðudýrið sitt í textíl og nota teikninguna til að gera púða.	Þykkur teiknipappír A3, blýantar, teiknipennar, vatnslitir, skæri, lím, svartur karton A3.	
Vika 4	<b>Sjálfsmynd</b> Við tölum um hvað er líkt með okkur og hvað er ólíkt. Best að vera ánægður með sig eins og maður er því við breytum okkur ekki. Við gerum heldur ekki grín að útliti annarra. Nemendur læra að teikna <b>sjálfsmynd</b> eftir ákveðnum útreikningum og reglum.	30x30 blöð, reglustikur, blýantar og speglar.	
Vika 5	<b>Sjálfsmynd</b> tekin í gegn. Klippiaðferð notuð á aðra myndina. Hin myndin er máluð með einum frumlit sem er blandaður í nokkrum tónum, <i>dökkum</i> og <i>ljósum</i> . Þau fá útprentaða ljósmynd af sér með miklum skuggum á til að vinna eftir. <b>Andstæður</b> litur er notaður í bakgrunninn.	30x30 blöð, blýantar, svart/hvítar skuggaljósmyndir af nemendum og þekjulitir.	

Vika 6	<b>Leir</b> Nemendur búa til sína eigin skrímslaskál úr leir. Æfa sig í að „líma“ hluti saman. Glerja eftir hrábrennslu.	Leir, leiráhöld, leirlím og glerungar.	
Vika 7 - 8	<b>Klipp og þrykk</b> Bókin <i>Kötturinn sem hvarf</i> eftir Nínu Tryggvadóttur er lesin. Nemendur skoða mynduppbyggingu og litaval. Nemendur teikna og klippa út form í anda Nínu og þrykkja tvær myndir.	Karton 17x20, tvö A4 blöð, skæri, blýantar, grafíklitir.	
Vika 9	<b>Mótun</b> Ásmundur Sveinsson kynntur til leiks. Nemendur velja sér eitt verk sem þau móta í pappamassa og mála.	Dagblöð, veggfóðurslím, málningarlímband, akríllitir.	